



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík 10. febrúar 2021
Tilv. 2102083/0.7.3

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þingsköp Alþingis og réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starf þingnefnda, tímafrestrir, eftirlit, starfsfólk, stjórnarsýsla o.fl.), 468. mál.

Með tölvupósti dag. 4. febrúar 2021, óskaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir umsögn Þjóðskjalasafns Íslands um frumvarp til laga um þingsköp Alþingis og réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starf þingnefnda, tímafrestrir, eftirlit, starfsfólk, stjórnarsýsla o.fl.), 468. mál. Þjóðskjalasafn sendir eftirfarandi umsögn um frumvarpið.

Með gildistöku laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn féllu Alþingi, umboðsmaður Alþingis og síðar Ríkisendurskoðun undan afhendingarskyldu til Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. 3. mgr. 14. gr. laganna. Í greinargerð frumvarps sem varð að lögum um opinber skjalasöfn kom fram að þessi staða legði „þá siðferðislegu skyldu á forsætisnefnd Alþingis að tryggja að skjölum Alþingis verði sinnt með ekki síðri hætti en gert er ráð fyrir að skjölum afhendingarskyldra aðila verði sinnt samkvæmt þessum lögum um opinber skjalasöfn“. Þjóðskjalasafni Íslands er ekki kunnugt um að í lögum hafi verið sérstaklega tekið á varðveislu skjala Alþingis og stofnana þess eftir að lög um opinber skjalasöfn tóku gildi. Að mati Þjóðskjalasafns er nauðsynlegt að skerpa á ákvæðum um varðveislu og aðgengi að skjölum Alþingis og stofnana þess, svo að sambærileg ákvæði gildi um varðveislu skjala Alþingis og varðveislu skjala afhendingarskyldra aðila sem falla undir lög um opinber skjalasöfn.

Í 1. mgr. e-liðar 31. gr. frumvarpsins er ákvæði um varðveislu skjalasafns Alþingis og er það óbreytt frá núgildandi 12. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis. Þar segir: „Í skjalasafni Alþingis skal varðveita erindi er þinginu berast, sbr. 2. mgr. 8. gr. og 28. gr., svo og gerðabækur þess, fundargerðir nefnda og önnur skjöl er varða starfsemi þingsins og rekstur eða Alþingi er falið að varðveita, sbr. og 10. gr. stjórnarskrárinnar.“

Þjóðskjalasafn Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir er varða varðveislu og aðgengi að skjölum Alþingis og stofnana þess:

I.

Í starfsemi stofnana og fyrirtækja í nútímanum verða til fjölbreytt skjöl sem varða þau verkefni sem viðkomandi aðili fæst við hverju sinni, má þar nefna bréf, tölvupóstar, ljósmyndir, hljóðskrár, færslur og skjöl í rafrænum gagnasöfnum o.s.frv. Mikilvægt er að það sé skýrt hvaða gögn teljast til skjalasafns Alþingis og stofnana þess. Því er lagt til að sama eða sambærileg skilgreining á skjali og er í 2. tölul. 2. gr. laga um opinber skjalasöfn verði notað við að skilgreina hvaða skjöl teljast til skjalasafns Alþingis og stofnana þess. Sú skilgreining rúmar bæði öll pappírsskjöl og allar gerðir rafrænna skjala, þ.m.t. rafræn gagnasöfn: „Skjal: Hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings.“

II.

Frá því að Alþingi og stofnanir þess voru færð undan afhendingarskyldu með lögum um opinber skjalasöfn hefur ekkert lagaákvæði gilt um varðveislu á skjölum þeirra umfram almennt orðalag í lögum um þingsköp Alþingis. Að mati Þjóðskjalasafns er mikilvægt að skýrt komi fram í lögum hvernig varðveisluskyldu skjala Alþingis og stofnana þess er háttað.

Í fyrsta lagi þarf að koma skýrt fram að varðveisluskylda sé á skjölum Alþingis og stofnana þess. Í lögum um opinber skjalasöfn er kveðið á um að afhendingarskyldir aðilar sem falla undir lögin megi ekki eyða neinu skjali í skjalasöfnum sínum nema samkvæmt heimild í 24. gr. laganna. Eðlilegt er að sambærilegt ákvæði sé í lögum um eyðingu á skjölum Alþingis og stofnana þess, þ.e. að ekki megi eyða neinu skjali nema fyrir liggi heimild og skýrt sé hver veiti heimild fyrir eyðingu skjala.

Í öðru lagi er ekki kveðið sérstaklega á um varðveisluskyldu á skjölum Umboðsmanns Alþingis né Ríkisendurskoðunar í lögum og er mikilvægt að úr því sé bætt.

III.

Þjóðskjalasafn Íslands vill jafnframt benda á að allar stofnanir Alþingis nema Jónshús falla utan gildissviðs laga um opinber skjalasöfn, sbr. 3. mgr. 14. laganna. Til samræmis væri eðlilegt að allar stofnanir Alþingis væru undanskildar lögunum og Alþingi bæri því ábyrgð á skjalavörslu og skjalastjórn allra stofnana sem heyra undir það.

IV.

Þá vill Þjóðskjalasafn Íslands benda á að upplýsingar um skjalasafn Alþingis og skjalaskrá yfir eldri (og yngri) skjöl þingsins er ekki að finna á vef þess. Til samanburðar má benda á að í 2. tölul. 13. gr. laga um opinber skjalasöfn kemur fram að eitt af hlutverkum opinberra skjalasafna, þ.e. Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna, er að „hafa til reiðu skjöl og önnur gögn safnsins ásamt skrá

og upplýsingum um þau fyrir þá sem nota vilja safnið og skapa þeim aðstöðu til þess, þ.m.t. til vísindalegra rannsókna og fræðiiðkna“. Þetta hlutverk hafa opinber skjalasöfn uppfyllt með því að birta skjalaskrár sínar á vef og halda úti lestrarsal þar sem hægt er að skoða skjöl úr safnkostinum. Mikilvægt hlutverk skjalavörslustofnana er að birta upplýsingar um safnkost og skapa aðstöðu fyrir þá sem nota hann. Þar sem Alþingi og stofnanir þess hafa þá skyldu að varðveita skjalasöfn sín og veita aðgang að þeim um alla framtíð er eðlilegt að í lögum sé kveðið á um sambærilegan aðgang að skjalasafni Alþingis og stofnana þess og er gert í lögum um opinber skjalasöfn.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að í greinargerð frumvarps sem varð að lögum um opinber skjalasöfn kemur fram að Alþingi gæti leitað eftir því að gera þjónustusamning við Þjóðskjalasafn Íslands um að það varðveiti skjalasafn þingsins með sjálfstæðum hætti og sinni því í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, þ.m.t. að veita aðgang að því. Yrði slíkur samningur gerður myndi Alþingi losna undan því að reka sérstaka skjalavörslustofnun fyrir skjalasafn þingsins og stofnanir þess, þ.m.t. að skapa aðstöðu fyrir notendur til að skoða skjölin. Slíkur samningur gæti jafnframt tryggt að skjalavarsla og skjalastjórn Alþingis og stofnana þess yrði til samræmis við skjalahald afhendingarskyldra aðila og tryggt betur varðveislu mikilvægra skjala, þ.m.t. langtíma varðveislu rafrænna gagna sem Þjóðskjalasafn hefur mesta reynslu af hér á landi. Þjóðskjalasafn lýsir sig reiðubúið til viðræðna um gerð slíks samnings.

Virðingarfyllst,



Hrefna Róbertsdóttir
Þjóðskjalavörður



Njörður Sigurðsson
sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs